

## S\_t\_e\_i\_n\_t\_u\_n.

Jörð í Skeggjastaðahreppi, næst utan við Höfn, örnefni skráði sem annarstaðar í hreppnum Þérarinn Magnússon og ýmsir lögðu hönd að við að lagfæra það.

Bærinn stendur við sjó við ós Tóarár. Talsvert austan við bæ rennur Stapaá (1) til sjávar, þar eru merki móti Viðvík. Þar er páfyrst með sjó er Stapaárfjara (2) og Bríkurfjara (3), út af henni er Réðrarstapi (4), þar voru látrar. Þá er Skriða (5), þa er Landsendi (6) og Landsendafljóð (7). Hefði átt að vera nefnd fyrri þá er Landsendaflúð (8), þá er Hellur (9), Hvalfjara (10), Svartnes (11), þar stendur Digranesviti (12), þá er Skálafjara (13) og Skálafjörutangi (14), Skot (15) og Byrðings-sund (16), þá er Dimmafjara (17), síðan er Byrbjófur (18), sem er rétt fyrir utan lendinguna. Rétt fyrir ofan Byrbjófstangann er hóll, sem heitir Húsfreyjuhóll (19). En Béndahóll (20) er fyrir ofan bæinn ofan við tærnar.

Húsafjara (21) er við bæinn, og þá er komið að Tóará (22), sem rennur um túnið. Bæjarfjara (23) er Steintúnstanginn. Steintúnstær (24) eru fyrir austan ána Byrðingssund, Ásmundarbás (25) og Dimmafjara og Húsafjara er allt fyrir neðan Steintúnstær og austan við ána austan við Bæjarfjöru er Steintúnstanginn (26). Upp af Steintúnstánum er Ups (27) og Upsakellur (28), hár melhryggur og mélendi. Austan við Upsakell með Stapaá er Stapaármýri (29). Vestan á Ups heitir Miðhall (30), og Ótræði (31) er inn með Tóará. Innst eru Flögur (32) og inn af Uppskelli er Upsaflói (33).

Fyrir innan Tóará með fjöru er Bæjartó (34) og Litlató (35), er liggur að Tóarnefi (36), en þar eru merkin. Át af Bæjarfjöru heitir Serkur (37), það er klettur í sjó. Miðhallið fyrr nefnda er milli Upsa og túngirðingar.

Austan við Tóarnefið er Torfdalur (38), þar innaf er Kristjánsmelur (39), melstykki með vörðu á, Innmeð ánni er svö myri, sem heitir Dýjamýri (40). Þá er Pverlækjardékk (41) og Pverlækur (42), sem kemur úr Krifutjarnarflóa (43) og rennur í Tóará, úr honum kemur einnig Rauðilækur (44), sem skammt frá rennur í Tóará. Innst í Krifutjarnarflóa eru Krifutjarnir (45) sem þorna á sumrin. Austan við fléann er Vörðuás (46), í honum að vestan eru Kúalágur (47). Hlein (48) hefur gleymzt, er stakur klettur upp af bæ.

Stafréfsskrá yfir Steintúnsörn nefni:

Ásmundarbás	25	Serkur	37
Björðingssund	16	Skálafjara	13
Bóndahéll	20	Skálafjörutangi	14
Bríkurfjara	3	Skot	15
Byrpjófur	18	Skriða	5
Bæjarfjara	23	Stapaá	1
Bæjarté	34	Stapaárfjara	2
Digranesviti	12	Stapaármyri	29
Dimmafjara	17	Steintúnstangi	26
Dýjamýri	40	Steintúnstær	24
Flögur	32	Svartnes	11
Hellur	9	Tarfadalur	38
Hlein	48	Tóará	22
Húsfjara	21	Tóarnef	36
Húsfreyjuhéll	19	Ups	27
Hvalfjara	10	Upsaflói	33
Krifutjarnaflói	43	Upsaköllur	28
Krifutjarnir	45	Vörðuás	46
Kristjánsmelur	39	Pverlækjardókk	41
Kúalágar	47	Pverlækur	42
Landsendafjara	7		
Landsendaflúð	8		
Landsendi	6		
Litlaté	35		
Miðhall	30		
Ótræði	31		
Rauðulækir	44		
Róðrarstapi	4		

Steintún

Skeggjastaðahreppi

N.-Múl.

1. Hver ætli sé skýring á nöfnunum Svartnes og Skálfjara?
2. Gott væri að fá nánari lýsingu á Byrþjófi.
3. Hvað eru Steintúnstær\*, Ups og Flögur?
4. Er vitað um tilefni nafnanna Ásmundarbás og Kristjánsmelur?
5. Er kletturinn Serkur hvítur af fugladriti?
6. Gæti Rauðálækur dægið nafn af Mýrarauða?